



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. janúar 2019.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um þungunarrof, 393. mál, þskj. 521.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) fagnar framangreindu frumvarpi enda núgildandi löggjöf ekki sett með sjálfsákvörðunarrétt kvenna í huga. Fagnar skrifstofan því sérstaklega að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að konur þurfi ekki að leita sér leyfis til að binda enda á þungun og eru þannig sjálfráða um þá ákvörðun en ekki háðar viðhorfum annarra.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að konur verði sjálfráðar um þungunarrof fram að lokum 22. viku og er það í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun á núverandi lögum og mat kvennasviðs Landspítalans. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að í Kanada séu yfir 90% þungunarrofa framkvæmd fyrir lok 12. viku og aðeins 0,3% eftir lok 20. viku, þrátt fyrir víðtækar heimildir til þungunarrofs. MRSÍ telur ekkert benda til þess að á Íslandi yrði raunin önnur en í Kanada.

Í frumvarpinu eru tekin út ákvæði um að heimila þungunarrof á grundvelli fötlunar (16. gr. laga nr. 25/1975) í samræmi við sáttmála SÞ um réttindi fatlaðs fólks. Í greinargerð með frumvarpinu segir að við gerð frumvarpsins hafi verið lögð áhersla á að ákvæði þess yrðu ekki til þess fallin að ganga á réttindi og markmið samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og að áhersla hafi verið lögð á að tryggja að frumvarpið samræmst ákvæði 8. gr. samningsins um vitundarvakningu. Þá hafi og verið lögð rík áhersla á að orðalag sem telja verður til þess fallið að viðhalda staðalímyndum, fordómum og skaðlegum venjum sem tengjast fötluðu fólki, væri ekki að finna í nýjum lögum heldur yrði áhersla lögð á rétt kvenna til sjálfsforræðis og ákvarðanatöku um líf sitt og framtíð sem og fræðslu og ráðgjafar samhliða þeirri ákvarðanatöku á óhlutdrægan hátt með virðingu fyrir mannréttindum og mannlegri reisn að leiðarljósi.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Í greinargerðinni segir einnig:

„Eftirlitsnefnd sammingsins hefur gert athugasemdir við löggjöf í ríkjum þar sem heimildir til þungunarrofs byggjast á fötlun fóstursins og hafa lagt til, meðal annars í skýrslu um Austurríki og Spán, að ríkin afnemi allan greinarmun sem gerður er á fósturum í tengslum við heimildir til þungunarrofs. Slíkur greinarmunur er gerður í lögum nr. [25/1975](#) og er með frumvarpi þessu lagt til að hann verði afnuminn. Lagt er til að einungis verði gerður greinarmunur varðandi fóstur sem telst ekki lífvænlegt til frambúðar. Með lífvænleika til frambúðar í þessu samhengi er átt við að fóstur muni annaðhvort deyja í móðurkviði fyrir lok meðgöngu eða stuttu eftir fæðingu.“

MRSÍ tekur undir framangreind sjónarmið og fagnar þeirri ætlan að nema ákvæði hliðstætt núgildandi 16. gr. laga nr. 25/1975 úr nýrri löggjöf um þungunarrof.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri